



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarfjarðarbær
B.t bæjarstjóra
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is


Reykjavík 12. febrúar 2014
Tilv.: FJR1402041/10.10


Efni: Ásbraut 2.

Þann 03.10.'01 undirritaði þáv. landbúnaðarráðherra afsal fyrir jörðinni Stekk (5,67 ha.) í Hafnarfirði. Undanskilin var ca. 0,7 ha. spilda, ætluð undir náttúrufræðistofu/gestastofu sem Hafnarfjarðarbær vildi byggja í samvinnu við umhverfisráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti. Kaupandi Stekks var Hafnarfjarðarbær, skv. heimildum þaðan hefur afsalinu aldrei verið þinglýst. Verð Stekks skv. yfirmati var 27.750.000,- undanskilnaður 0,7 hektaranna leiddi til þess að umsamið söluverð var kr. 22.875.000.- Í tölvubréfi dags. 01.03.'01 frá Guðmundi Benediktssyni bæjarlögmanni Hafnarfjarðarbæjar til þáv. landbúnaðarráðherra stendur eftirfarandi: "Að þetta land verði að minnsta kosti undan skilið og áfram í eigu rikissjóðs þangað til endanleg ákvörðun verður tekin um þessi mál, en bæjarsjóður leysi það til sín ef ekkert verður af þessum byggingaráformum umræddrar stofu." Skráning lóðarinnar hefur verið á reiki og er nú röng, þar er Hafnarfjarðarbær skráður eigandi. Lóðin hefur lnr. 180349, fastanúmer 232-9987. Samkvæmt skipulagi er þetta 7.565,1 m² viðskipta- og þjónustulóð, lóðamat í þjóðskrá er kr. 47.400.000.-

Fjármála- og efnalagsráðuneytið/Jarðeignir ríkisins hyggjast selja lóðina á Ásbraut 2 á fjárlsum markaði. Með vísan í framangreindan tölvupóst frá Hafnarfjarðarbæ 01.03.'01 óskar ráðuneytið hér með eftir umsögn bæjarins.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurður Þráinsson

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ


Óskar Páll Óskarsson

Hafnarfjarðarbær
Tím: 13. 2. 2014
Síðanum: 130 7022
Bréfsl: 521/1